

21. október 2025

Efni: Niðurstaða og álit samstarfsnefndar um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra.

Í júní 2025 samþykktu sveitarstjórnir Dalabyggðar og Húnaþings vestra að skipa eftirtalda fulltrúa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga:

Frá Húnaþingi vestra:

- Magnús Magnússon, formaður
- Magnús Eðvaldsson

Frá Dalabyggð:

- Ingibjörg Þóranna Steinudóttir
- Skúli Hreinn Guðbjörnsson

Samstarfsnefndin hefur haldið sjö bókaða fundi sem allir fóru fram í Teams-fjarfundarkerfinu. Magnús Magnússon var kjörinn formaður nefndarinnar. Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra störfuðu með nefndinni og sátu fundi hennar með málfrelsi og tillögurétt. Leitað var til KPMG um verkefnisstjórnun og ráðgjöf við verkefnið. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitti fjárhagslegan stuðning til að standa straum af kostnaði við viðræður og íbúakosningar.

Samstarfsnefnd hefur haft samráð við íbúa, kjörna fulltrúa og starfsmenn. Í aðdraganda formlegra viðræðna voru haldnir íbúafundir í Búðardal og á Hvammstanga þar sem verkefnið var kynnt og leitað eftir sjónarmiðum íbúa varðandi sameiningu. Í tengslum við formlegar viðræður var haldin vinnustofa á Borðeyri þar sem fjórir starfshópar, skipaðir starfsmönnum og kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna, fjölluðu um helstu áskoranir sameinaðs sveitarfélags og framtíðarsýn fyrir starfsemi þess. Jafnframt voru haldnir íbúafundir í október 2025 þar sem aftur var leitað eftir sjónarmiðum íbúa varðandi stjórnsýslu og þjónustu.

Samstarfsnefnd hefur nú lokið því verkefni sem henni var falið og leggur fram álit sitt. Samkvæmt 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga skulu sveitarstjórnir taka málið á dagskrá án atkvæðagreiðslu.

Álit nefndarinnar og helstu forsendur

Dalabyggð og Húnaþing vestra eru lík að landkostum, íbúasamsetningu, búsetumynstri og atvinnulífi. Við sameiningu sveitarfélaganna yrði að mati nefndarinnar til öflugra sveitarfélags með sterkari stjórnsýslu, faglegri þjónustu og meiri slagkraft í hagsmunagæslu til að byggja upp innviði og auka fjölbreytni í atvinnulífi eins og sjá má í greiningargögnum samstarfsnefndar (fylgiskjal I). Nefndin telur að sameining myndi stuðla að aukinni byggðafestu og auka aðdráttarafl fyrir nýja íbúa og starfsmenn. Helstu áskoranir sameinaðs sveitarfélags væru að tryggja jafnt þjónustustig, viðhalda staðbundnum sérkennum og tryggja að íbúar upplifi áfram nálægð og öryggi í þjónustu. Nefndin telur að mæta megi þeim áskorunum og leggur áherslu á að t.a.m. verði Húnavetningar áfram Húnavetningar og Dalamenn áfram Dalamenn þótt stjórnsýslueiningarnar tvær sameinist.

Fjárhagur sameinaðs sveitarfélags yrði sterkur og fjárfestingargeta þess betri en hjá sveitarfélögunum hvoru um sig. Sérstök sameiningarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næstu árum myndu auka svigrúm til fjárfestinga í sameinuðu sveitarfélagi, minnka þörf á lántöku og lækka fjármagnskostnað. Jafnframt hefur verið kynnt að reglubundin framlög Jöfnunarsjóðs munu hækka í sameinuðu sveitarfélagi ef af verður.

Það er samdóma álit samstarfsnefndar um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra að sameining væri framfaraskref fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra.

Kynning á tillögu íbúakosninga

Athygli sveitarstjórnar er vakin á því að hefja skal kynningu á tillögu og forsendum sameiningar fyrir íbúum sveitarfélaganna eigi síðar en 20 dögum áður en kosningar hefjast. Sveitarstjórnir þurfa að taka ákvörðun um hvort kynning tillögunnar verði á höndum samstarfsnefndar eða sveitarstjórnanna sjálfra. Samstarfsnefnd leggur til að henni verði falið það verkefni.

Kynningarefni fyrir atkvæðagreiðslu mun byggja á meðfylgjandi greiningu og forsendum (fylgiskjal I) sem birt hefur verið á vefsvæði samstarfsnefndar, <https://dalhun.is>. Með álitum þessu fylgir tillaga að auglýsingu til birtingar í Lögbirtingarblaði og fjölmiðlum (fylgiskjal II).

Ábendingar til sveitarstjórnar ef til sameiningar kemur

Verði af sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra leggur samstarfsnefnd til við sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags að hluti þess svigrúms sem skapast í rekstrinum við sameiningu verði nýttur til að jafna gjöld niður á við þar sem það á við þannig að sameiningin verði íbúum til hagsbóta. Jafnframt leggur samstarfsnefnd áherslu á að jafnræðis verði gætt í þjónustu ef til sameiningar kemur og að mótuð verði þjónustustefna þar sem fram koma markmið um þjónustustig og jafnt aðgengi íbúa að þjónustu og stjórnsýslu.

Í samtali við íbúa hefur komið fram að íbúar vilja halda í þær starfsstöðvar sem til staðar eru og beinir samstarfsnefnd því til undirbúningsstjórnar að hún taki tillit til vilja íbúa hvað þetta varðar í störfum sínum. Samstarfsnefnd beinir því jafnframt til undirbúningsstjórnar að kanna kosti heimastjórna eða annarra viðlíka lausna til að tryggja frekari áhrif íbúa á nærþjónustu.

Samstarfsnefnd þakkar það traust sem henni hefur verið sýnt í störfum sínum.

Virðingarfyllt,

Ingibjörg Þórunna Steinudóttir

Magnús Eðvaldsson

Magnús Magnússon

Skúli Hreinn Guðbjörnsson

Fylgiskjöl:

- I. Könnun á möguleikum á sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra - Forsendur álits samstarfsnefndar um sameiningu 21. október 2025
- II. Tillaga að auglýsingu í Lögbirtingarblaði og fjölmiðlum
- III. Umsókn um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna viðræðna um sameiningu
- IV. Minnisblað samstarfsnefndar: Aðgerðir til að auka byggðafestu
- V. Fundargerðir samstarfsnefndar

Tillaga að auglýsingu í Lögbirtingarblaði og fjölmiðlum

Samstarfsnefnd um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra leggur til að eftirfarandi auglýsing verði birt í Lögbirtingarblaði og öðrum fjölmiðlum, sbr. 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, eftir að tillagan hefur fengið umræðu í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna.

Tillaga um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra

Samstarfsnefnd um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra hefur lagt fram álit sitt og helstu forsendur til umræðu í sveitarstjórnnum. Álit nefndarinnar og helstu forsendur hafa fengið umræðu í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna, án atkvæðagreiðslu, samkvæmt 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Atkvæðagreiðsla um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fer fram dagana 28. nóvember - 13. desember 2025 í báðum sveitarfélögunum. Við ákvörðun um tímasetningu kosninganna hefur þess verið gætt að tillagan verði kynnt íbúum með a.m.k. 20 daga fyrirvara eins og áskilið er í 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Nánari upplýsingar um kosningarnar er að finna á heimasíðum sveitarfélaganna og vefsvæði samstarfsnefndar <https://dalhun.is>.

21. október 2025

Fyrir hönd samstarfsnefndar,
Magnús Magnússon, formaður.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður ráðgjafarnefndar
Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík

16. júlí 2025

Efni: Umsókn um framlög vegna viðræðna um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórnir Dalabyggðar og Húnaþings vestra hafa skipað tvo fulltrúa hvor í samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, sem hefur þegar tekið til starfa. Á fyrsta fundi sínum þann 15. júní 2025 samþykkti samstarfsnefnd að sækja um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði við viðræðurnar og kosningar um tillögu um sameiningu.

Áætlað er að álit samstarfsnefndar liggi fyrir í október 2025 og að kosningar um tillöguna geti farið fram í desember, með það fyrir augum að sameining geti tekið gildi eftir sveitarstjórnarkosningar árið 2026. Samið hefur verið við KPMG ehf. um ráðgjöf og stuðning við verkefnisstjórn á verkefnistímanum.

Ákvörðun um sameiningarviðræður milli sveitarfélaganna er tekin í framhaldi af óformlegum könnunarviðræðum fulltrúa sveitarfélaganna tveggja sem fram fóru á fyrri hluta ársins. Fyrirliggjandi er stöðugreining sem unnin var samhliða viðræðunum í samstarfi við KPMG og sem mun nýtast í vinnunni framundan.

Ef íbúar sveitarfélaganna fallast á sameiningu verður til sveitarfélag með um 1.850 íbúa, þar sem um helmingur býr í dreifbýli.

Að mati samstarfsnefndarinnar er eðlilegur kostnaður við að kanna hagkvæmni sameiningar sveitarfélaganna, kynna sameiningartillögu fyrir íbúum og framkvæma atkvæðagreiðslu um 21,2 m.kr., sbr. meðfylgjandi kostnaðaráætlun:

Kostnaðaráætlun sameiningarviðræðna

Nefndarstörf	3.000.000
Verkefnisstjórnun	3.000.000
Stöðumat og framtíðarsýn	6.500.000
Kynning sameiningartillögu	6.500.000
Kjörstjórnir og kjördeildir	2.200.000
Ófyrirséð 5%	1.000.000
Samtals	21.200.000

Nánari upplýsingar um verkefnið og kostnaðaráætlunina veita undirritaður og Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjóri.

Virðingarfyllst f.h. samstarfsnefndar,

Magnús Magnússon, formaður samstarfsnefndar